

Sp. 479. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganevndar í póstmálum.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Skúli Guðmundsson, Finnur Jónsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna nefnd, er athugi rækilega póstsamgöngur landsmanna og geri tillögur um breytingar, er miði að því, að póstsendingar berist um landið hraðar og tíðar en nú er. Nefndin hraði störfum og leggi álit sitt og tillögur fyrir Alþingi eigi síðar en 1944. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr rikissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Um land allt er kvartað yfir því, hvað póstsamgöngur eru strjalar. Vikur og mánuðir geta liðið þangað til bréf, skrifuð á Austur- og Vesturlandi til manna í Reykjavík, berast þeim í hendur. Og í mörgum sveitum koma blöðin ekki til kaupenda úti um land yngri en mánaðargömul. Á þeirri öld hraðans, sem nú er upp runnin, má þetta ástand heita með öllu óviðunandi. Er því mikil þörf á að finna leiðir, sem færar séu fjárhagslega til þess að gera póstsamgöngurnar tíðari, og ætti það að mega takast. Viða hagar t. d. svo til, að daglegar ferðir eru frá ákveðnum samgöngumiðstöðvum í héruðunum. Er ætlað til þess, að nefndin kynni sér rækilega óskir og tillögur manna úr einstökum héruðum, og kynni sér til hlítar, hvernig tengslum aðalpóstleiða og aukapóstleiða verði haganlegast fyrir komið, og hvað það muní kosta.